

Aðalfundur FHA

19. maí 2011

Aðalfundur Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) var haldinn í stofu L-201 á Sólborg 29.maí 2011 kl. 12. 30. Kristín Guðmundsdóttir stýrði fundi og Kristín Þórarinsdóttir ritaði fundargerð. Átján félagar mættu á fundinn og fyrir honum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar
2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana
3. Reikningar félagsins
4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga
5. Ákvörðun árgjalds
6. Tillögur að lagabreytingum
7. Kosningar
8. Önnur mál, m.a. kynning á vinnumatssjóði og rannsóknarmisseri

1. Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið fyrir á heimasíðu félagsins. Fundargerðin var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar var flutt af Helga Gestssyni formanni, en henni var einnig dreift útprentaðri og vísast til þess skjals (fylgiskjal I).

3. Reikningar. Ása Guðmundardóttir kynnti reikninga félagsins, en þeim var einnig dreift á fundinum. Fram kom að rekstrarafgangur síðasta árs var tæpar 1,2 milljónir og eigið fé í lok árs rúmar 24, 6 milljónir. Rúmar 11 milljónir eru í veltu hjá íslenskum verðbréfum og 13 milljónir hjá verðbréfum LÍ. Fram kom að ógreiddur reikningur var færð sem skuld

Reikningar voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða

4. Félagatal var lagt fram til kynningar og komu engar athugasemdir fram.

5. Ákvörðun árgjalds. Tillaga stjórnar um óbreytt árgjald var samþykkt.

6. Lagabreytingar. Engar tillögur voru að lagabreytingum

8. Kosningar

Kosið var í þau embætti sem lög kveða á um og hlutu eftirtaldir kosningu:

Tveir stjórnarmenn: **Ólína Freysteinsdóttir og Guðmundur Kristinn Óskarsson**

Formaður: **Hjördís Sigursteinsdóttir**

Tveir varastjórnarmenn: **Þóra Rósa Geirsdóttir og Fjóla Björk Jónsdóttir**

Breytingar á stjórn: **Páll Björnsson gekk úr stjórn en Kristín Guðmundsdóttir**

situr áfram í stjórn

Samninganefnd: **Helgi Gestsson, formaður, Hjördís Sigursteinsdóttir og Daníel Freyr Jónsson**

Samstarfsnefnd: **Páll Björnsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Ólína Freysteinsdóttir**

Skoðunarmenn ársreikninga: **Stefán Jóhannsson og Stefán Sigurðsson**

9. Önnur mál.

a) Páll Björnsson kynnti reglur um vinnumatssjóð sem samþykktar voru 28. janúar 2008 og eru á vegum HA. Sýndi Páll samanburð á vinnumatssjóðum HA (Háskólans á Akureyri) og HÍ (Háskóla Íslands) (sjá fylgiskjal II) og greindi jafnframt frá því að stjórn FHA teldi eðlilegast að við greiðslu úr vinnumatssjóði yrði miðað við sömu stig og í HÍ. Til að fá aðild að vinnumatssjóði HA þurfa starfsmenn nú að vera í 20% starfshlutfall en sambærilegt starfshlutfall í HÍ er 50%. Páll sagði að sú hugmynd hafi komið fram innan stjórnar FHA að miðað verði við 33% starfshlutfall, - sem er í samræmi við reglur FHA um rétt til aðildar að félaginu og hefur HÍ hallast að þeirri hugmynd líka. Einnig var rætt um muninn á ársmatssjóðnum og vinnumatssjóðnum. Að loknum umræðum kynnti Páll þær hugmyndir stjórnar FHA að greiðslur úr vinnumatssjóði HA skyldu miðast við sambærileg stig og í HÍ að því undanskyldu að til að fá aðild að sjóðnum þyrftu að starfsmenn að vera í að lágmarki 33% starfshlutfalli. Var vilji fyrir því meðal fundarmanna að leggja fram ofangreinda hugmynd fyrir fund háskólaráðs HA, sem tillögu FHA. Lauk þessari umræðu þannig að stjórn FHA var falið að leggja ofangreinda tillögu fram í háskólaráði HA fyrir hönd FHA en útfæra jafnframt atriði varðandi greiðslur fyrir doktorsritgerðir úr vinnumatssjóði. Ástæða þessa var að í HÍ er ekki greitt fyrir doktorsritgerðir úr sjóðnum en fundarmenn á aðalfundinum voru ekki sammála um hvort greiða skyldi fyrir doktorsritgerðir úr vinnumatssjóði HA eins og gert hefði verið fram að þessu.

b) Páll Björnsson fjallaði um rannsóknarleyfi en hann situr í nefnd um rannsóknarleyfi í HA. Rannsóknarleyfi hafa legið niðri vegna sparnaðaraðgerða en áætlað er að þau hefjist aftur í ársbyrjun 2012. Páll vísaði í úthlutunarreglur HA varðandi úthlutun á rannsóknarleyfum. Þá kynnti hann einnig matskerfi fyrir opinberra háskóla (sjá fylgiskjal II). Þar kemur fram að munur er gerður á aflstigum og almennum rannsóknarstigum. Aflstig taka til ritrýndra birtinga (merkt með gulu í fylgiskjali II) en í HÍ þurfa kennarar að fá slík 10 stig árlega til að hljóta rannsóknarleyfi.

Gagnrýni kom fram meðal fundarmanna á mati á rannsóknarstigum. Í því samhengi var rætt að starf kennara vegna ráðgjafar og við hagnýtingu þekkingar í starfi fengi lítið vægi. Slíkt samræmdist ekki því hlutverki HA að þjónusta atvinnulífið.

Fundi var slitið um kl. 14.

Ársskýrsla stjórnar FHA Starfstími frá 21. maí 2010 til 19. maí 2011

Tiltölulega rólegu en engu að síður krefjandi ári stjórnar og framkvæmdastjóra FHA er að ljúka. Fylgt hefur verið eftir samkomulagi í kjaramálum sem náðist undir áramót 2009/2010. Sérstök ályktun aðalfundar FHA 2010 var send rektor um að staðið verði við að allir hópar stofnunarinnar taki jafnan þátt í niðurskurði. Þá hefur hluti stjórnar m.a. átt fundi með rektor og með rektor og framkvæmdastjórn HA um „Auglýsingar á stöðum, tímabundnar ráðningar, aðjunktstöður og hæfismat við Háskólann á Akureyri“. Formaður hefur nokkrum sinnum hitt aðila úr yfirstjórn vegna fyrirspurna eða ákveðinna mála sem öll hafa leysts farsælega. Unnið hefur verið skipulega að undirbúningi nýrra samninga við Samninganefnd ríkisins (SNR) í samstarfi við félag innan BHM. Sérstaklega hefur þar verið sinnt samstarfi við Félag háskólakennara við HÍ og félag prófessora um hvort tveggja faglega þætti og sameiginleg hagsmunamál. M.a. komu tveir stjórnarmenn Félags háskólakennara og höfðu framsögu á almennum félagsfundum FHA um vinnu- og ársmatssjóð. Vert er að geta að við opnun nýs húsnæðis HA tók félagið þátt í með því að grilla hrefnukjöt frá Félagi hrefnuveiðimanna og gefa það opnunargestum.

Starfsemi stjórnar og framkvæmdastjóra hefur verið nokkuð regluleg á tímabilinu. Haldnir hafa verið þrettán stjórnarfundir, sameiginleg samstarfs- og samninganefnd hefur fundað með yfirstjórn HA fjórum sinnum, framkvæmdastjóri og formaður FHA hafa sótt fundi miðstjórnar BHM sex sinnum auk þess sem formaður sat aðalfund BHM. Sóttir hafa verið tólf fundir kjararáðs BHM þess auk þess sem fjórir samninga-/viðræðufundir við SNR hafa verið haldnir. Stjórn FHA hefur haldið þrjá almenna félagsfundum og aðalfund þann er nú stendur yfir. Stjórnarmaður hefur setið samráðsfund nefnd um reglur um námsleyfi. Fundur var haldinn í samstarfsnefnd þar sem rætt var um launamál á skólaþróunarsviði, samstarfsferli og tímabundna ráðningarsamninga. Stjórnin sat stuttan fund með fimm stjórnarmönnum úr samtökum norrænna háskólakennara sem komu til Akureyrar síðasta sumar og deildi þar upplýsingum um kjör háskólakennara á norðurlöndum.

Umræður á stjórnarfundum voru margvíslegar. Var þar meðal annars gengið frá nýjum reglum um námssjóð félagsins, fjallað um aðild fyrrum starfsmanna að félaginu, um samkomulag um fámenn námskeið, rædd skýrsla FHA og HA um rannsóknarmisseri, fjallað um formgerð á aukinni stjórnunarskyldu auk mikilla umræðna um kjaramál og undirbúning kjaraviðræna. Þá var samþykktur sérstakur styrkur til barna félagsmanns sem misst hafði vinnu sína við HA og þurfti að flytjast til útlanda.

Á fyrsta almenna félagsfundinum sem haldinn var 5. október 2010 var kynning á sjóðastarfsemi BHM og kynntu þar tveir starfmenn frá sjóðum BHM auk starfsmanns frá Virk starfsendurhæfingarsjóði starfsemi sjóðanna og réttindi félagsmanna BHM og svöruðu fyrirspurnum. UM 35 manns mættu á fundinn og voru fyrirspurnir og umræður líflegar. Þann 14. desember var haldinn opinn félagsfundur í framhaldi af því að stjórn FHA ákvað að færa Mæðrastyrksnefnd á Akureyri jólagjafir til barna og dreifði nefndin pökkunum til fjölskyldna sem til hennar leituðu fyrir jólin. Þetta kemur í stað þess að Félag háskólakennara á Akureyri bjóði upp á fordrykk á jólafagnaði Háskólans á Akureyri. Vegna þessa voru

keyptar nýútgefnar barnabækur fyrir 60.000 krónur. Var öllum starfsmönnum HA og sambýlingum á stór-Sólborgarsvæðinu boðið að kíkja við í mötuneytinu á Sólborg og þiggja kaffi, te eða gos og jólasnákökur og um leið eiga samverustund með félagsmönnum við að pakka inn gjöfunum. Góð mæting var á fundinn. Á þriðja fundinum kynnti formaður FHA fyrirhugaðar breytingar á reglum um vinnumatssjóð og ársmatssjóð við HA, Baldvin Zarióh, félagi háskólakennara kynnti vinnumatssjóðinn í Háskóla Íslands og loks kynnti Jörundur Guðmundsson, félagi háskólakennara, kynnti ársmatssjóðinn í Háskóla Íslands. Miklar og góðar umræður urðu á fundinum en um 40 manns mætti á fundinn.

Send var könnun á félagsmenn þann. Þar var beðið um hugmyndir um efni félagsfunda; „...þá langar okkur til þess að leita til ykkar kæru félagsmenn og fá ykkur hugmyndir um hvað þið viljið að tekið sé fyrir á opnum félagsfunum þetta misserið. Jafnframt langar okkur til þess að fá álit ykkar á því hvaða áherslur á almennt að leggja á í starfi félagsins.“ Einnig var beðið um að félagsmenn gæfu kost á sér til starfa fyrir félagið þar sem m.a. bent var á formaður gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið. Svörun var vægast sagt slök en 11 svör bárust og gaf einn aðili utan stjórnarmanna sem svarað höfðu könnuninni kost á sér til félagsstarfa.

Boðað var til sameiginlegs grilldags að Végeirsstöðum 2. september og var þar gengið til sveppatínslu undir styrkri stjórn sveppafræðings. Um 20 manns mættu og nutu ferðarinnar.

Mikil undirbúningsvinna fór fram vegna undirbúnings kjaraviðræðna við SNR. Er staða mála viðkvæm en svo virðist sem í boði sé fyrir þriggja ára samninga nokkurn vegin þáð sem aðilar á almennum vinnumarkaði hafa fengið en ekkert vegna samningsleysis síðustu tveggja ára. Þá er öllu vísað til stofnunar (í stofnanasamning) og mikil hætta á að ekki náist að halda sömu kjörum hér við HA og eru hjá systurfélagi okkar við HÍ. Ljós er vilji yfirstjórnar til þess að kjör okkar verði sambærileg og eru hjá HÍ. Nýr samningafundur er boðaður á morgun, föstudag og mun ég mæta þangað fyrir hönd FHA.

Fyrir utan þau útgjöld sem orðið hafa vegna samningamála hefur stjórn gætt aðhalds í fjármálum. Styrkir hafa verið veittir öðruvísi en áður hefur verið gert en stjórn hefur skilyrt slíka styrki þegar fleiri en félagsmenn koma að. Námsjóður FHA hefur tekið afstöðu til umsókna jafn óðum og þær berast og var úthlutun úr sjóðnum mikil. Staða félagsins er mjög sterk meðan vinnudeildur bresta ekki á en rétt að benda á sá möguleiki er vissulega fyrir hendi.

Nú nýverið féll hæstaréttadómur vegna fyrrum félagsmanns FHA við Háskólann á Akureyri sem stefnt hafði HA fyrir ólögmdæta uppsögn. Málið vannst fyrir starfmanninn í undirrétti en tapaðist í hæstarétti. Félagið hefur með ákvörðun stjórnar árið 2008 ábyrgst málskostnað að upphæð 1.000.000 kr. vegna málsins og ógreiddur afgangur vegna þessa gjaldfærður í reikningum félagsins.

Enn er framundan tími skipulagsbreytinga við HA og því mikilvægt að stjórn sjái til þess að hagsmunum félagsmanna sé ötullega gætt. Þá þarf að endurskoða stofnanasamning áður en skrifað er undir nýjan kjarasamning eða fá fram ásættanlega bókun frá HA og helst Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Á vegum félagsins þarf einnig, ef þær aðstæður koma upp, að skoða þann möguleika að auðvelda félagslegan stuðning við félagsmenn sem lenda í erfiðleikum vegna breytinga. Þá þarf einnig sjá til þess stöðugt sé haldið áfram vinnu við þau meginverkefni sem skilgreind voru á upphafsfundum stjórnar.

Sú stjórn sem nú lætur af störfum hefur samhent unnið með framkvæmdastjóra að þeim verkefnum sem tekist hefur verið á við. Sú verður vonandi einnig raunin hjá þeirri stjórn sem við tekur.

Akureyri 19. maí 2011

f.h. stjórnar FHA

Helgi Gestsson

sign.

Vinnumatssjóðir fyrir kennara (HA / HÍ)

	HA	HA (Starfsmaður einnig í rannsóknum á öðrum vinnustað)	HÍ
50% starfshlutfall	Lágmark 7 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 14 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 3,5 stig (7 stig x 0,5) . Greitt 50% af hverju stigi eftir það.
70% starfshlutfall	Lágmark 7 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 14 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 4,9 stig (7 stig x 0,7) . Greitt 70% af hverju stigi eftir það.
100% starfshlutfall	Lágmark 7 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 7 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.	Lágmark 7 stig. Greitt fullt fyrir hvert stig eftir það.

Lágmarks starfshlutfall við HA : 20%

Lágmarks starfshlutfall við HÍ : 50%

Vinnumatssjóður HA:

http://www.rha.is/static/files/Reglur_um_vinnumatssjod_HA_samthykktar_28.pdf

Matskerfi opinberra háskóla 2009

A R a n n s ó k n i r

A1.1 Kandidats- eða meistararitgerð 15 stig

A1.2 Doktorsritgerð 30 stig

A2.1 Ritrynd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims allt að 100 stig

A2.2 Alþjóðleg ritrynd útgáfa og innlend ritrynd útgáfa með alþjóðlega skírskotun allt að 75 stig

A2.3 Íslensk eða erlend ritrynd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag allt að 50 stig

A2.4 Aðrar bækur allt að 25 stig

A2.5 Endurútgáfur allt að 10 stig

A3.1 Bókarkaflar: Ritrynd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims 20 stig

A3.2 Bókarkaflar: Alþjóðleg ritrynd útgáfa og innlend ritrynd útgáfa með alþjóðlega skírskotun 15 stig

A3.3 Bókarkaflar: Íslensk eða erlend ritrynd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag 10 stig

A3.4 Bókarkaflar: Kaflar í öðrum bókum 0-5 stig

A4.1 Grein birt í ISI-tímariti með háan áhrifastuðul og í tímariti sem raðast í A-flokk skv. ERIH 20 stig

A4.2 Aðrar greinar í ISI tímaritum, greinar í B-flokki skv. ERIH eða greinar sem fá 1. einkunn í könnun fyrir tímarit 15 stig

A4.3 Greinar tímaritum í C- flokki í ERIH og greinar sem fá 2. einkunn í könnun fyrir tímarit 10 stig

A4.4 Greinar birtar í tímaritum sem fá 3. einkunn í könnun fyrir tímarit 5 stig

A5.1 Grein birt í ráðstefnuriti í úrvalsflokki 10 stig

A5.2 Grein í öðru ráðstefnuriti 3-5 stig

A6.1 Plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu 5 stig

A6.2 Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla 3 stig

A6.3 Erindi á alþjóðlegri ráðstefnu 3 stig

A6.4 Erindi á innlendri ráðstefnu 2 stig

A6.5 Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa 1 stig

A6.6 Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu 2 stig

A6.7 Veggspjald á innlendri ráðstefnu 1 stig

A7.1 Ritstjóri vísindatímarits 3-6 stig /hefti

A7.2 Ritstjóri bókar 5-20 stig

A8.1 Skýrslur 0-3 stig

A8.2 Ritdómar 1-3 stig

A8.3 Þýðingar á fræðilegum greinum, bókarköflum og öðrum stuttum ritverkum 0-5 stig

A8.4 Þýðingar á fræðibókum 10-25 stig

A9.1 Námefnisgerð 0-10 stig

A10.1 Sprotafyrirtæki, hönnun, nýsköpun og þekkingaryfirfærsla 0-20 stig

A10.2 Hugbúnaður 0-20 stig

A10.3 Sálfræðiþróf 0-5 stig

A10.4 Lagafrumvörp 2 stig

A10.5 Einkaleyfi 10-15 stig

A10.6 Þróunarstarf í skólum og öðrum stofnunum 0-10 stig

A10.7 Nýsköpun í listum 0-40 stig

A10.7.1 Stór einkasýning í viðurkenndu listasafni samþykkt af listráði 10-30 stig

A10.7.2 Einkasýning eða þátttaka í samsýningu í viðurkenndu listasafni eða á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum 0-15 stig

A10.7.3 Viðamikil frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er opinberlega af viðurkenndum listamönnum 10-30 stig

A10.7.4 Frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er opinberlega af viðurkenndum listamönnum 0-10 stig

- A10.7.5 Tónlistarflutningur/leiktúlkun á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum, á opinberum áskriftartónleikum eða í viðurkenndu leikhúsi 0-15 stig
- A10.7.6 Tónleikahald eða viðamikil leiktúlkun 0-10 stig
- A10.7.7 Útgefnar hljóðritanir 0-10 stig
- A10.7.8 Bókmenntatextar 0-10 stig
- A10.7.9 Bókarverk 10-40 stig
- A10.7.10 Þýðingar á bókarköflum og öðrum stuttum ritverkum sem hafa listrænt gildi 0-5 stig
- A10.7.11 Þýðingar á bókum sem hafa listrænt gildi 10-25 stig
- A10.7.12 Hönnunarverk, sýningarstjórn eða leikstjórn 0-10 stig
- A11 Tilvitnanir
- A12 Styrkir úr samkeppnissjóðum 0-20 stig/ári
- B - K e n n s l a
- B1.1 Aðjunkt, lektor, dósent eða prófessor, fullt starf 10 stig/ári
- B1.2 Stundakennari sem hefur umsjón með námskeiðum 2 stig/ári
- B1.3 Kennslutækninámskeið 0-2 stig
- B2.1 Smárit eða kennsluefni á vefnum 0-3 stig
- B2.2 Kennslurit, kennslubækur 5-60 stig
- B3.1 Leiðbeining við meistaraverkefni 2-4 stig
- B3.2 Leiðbeining við doktorsverkefni 10 stig
- B3.3 Seta í doktorsnefnd 3 stig
- B3.4 Andmælandi við doktorsvörn 3 stig
- B4 Nýsköpun í kennslu 2-10 stig
- C - S t j ó r n u n
- C1 Formaður námsbrautar 5-10/ári
- C2 Formaður í starfsnefnd háskólaráðs og fastadómnefnd fræðasviðs 10 stig/ári
- C3 Formaður í helstu starfnefndum fræðasviða 5 stig/ári
- C4 Forstöðumaður rannsóknastofnunar 5-15 stig/ári
- C5 Deildarforseti/deildarformaður 25-50 stig/ári
- C6 Fræðasviðsforseti 75 stig/ári
- C7 Rektor 100 stig/ári
- C8 Aðstoðarrektor 50 stig/ári
- C9 Seta í háskólaráði 5 stig/ári
- C10 Seta í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors 2 stig/ári
- C11 Formaður í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors 3 stig/ári
- C12 Seta í dómnefnd um störf við háskóla 2 stig
- D - Þ j ó n u s t a
- D1 Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu 2-10 stig
- D2 Opinber matsstörf 0-2 stig
- D3 Seta í nefndum eða stjórnnum 0-2 stig
- D4 Álitsgerðir og skýrslur 0-5 stig
- D5 Hugbúnaður 0-10 stig
- D6 Fræðsluefni fyrir almenning 0-20 stig
- D7 Sprotafyrirtæki 0-50 stig
- D8 Styrkir frá öðrum en samkeppnissjóðum 0-20 stig
- E Fyrri störf (vegna grunnmats) 10 stig/ári
- F A l m e n n t